

## 8. bekkur

## Íslenska

*Kennsluaðferðir og skipulag:*

*Íslenska er kennd í 5 kennslustundir auk eins svæðatíma á viku.*

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Verkefni/Námsmat	Tímabil
<b>Talað mál hlustun og áhorf</b>				
Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.	Samþætting við Samfélagsfræði.		Heimabyggðin mín/kennaramat – leiðsagnar mat.	
Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.	Samþætting við aðrar námsgreinar s.s. samfélagsfræði. Kynningar á verkefnum, umræðuhópar.	Það sem unnið er með hverju sinni.	Heimabyggðin Sjálfsmat/hópamat/ kennaramat	Jafnt og þétt yfir skólaárið.
Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um				

framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.				
Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.	Umfjöllun um margskonar efni í mismunandi miðlum.	Kvikmyndir, fréttir, sjónvarpsþættir, hlaðvörp o.fl.	Kennaramat	
<b>Lestur og bókmenntir</b>				
Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.		Kjörbækur, Kveikjur, Hávarðarsaga Ísfirðings	Kennaramat	Kjörbókarstil Dagsetningar: 14. okt., 8. feb. og 15. mars
Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.	Lesnar fjölbreytilegar textagerðir. Gerðir útdrættir.	Kveikjur Margvíslegir textar Hávarðarsaga Ísfirðings		
Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.		Kveikjur Kjörbækur Yndislestur	Leiðsagnarmat úr verkefnum í yndislestri.	Kjörbókarverkefni
Valið sér lesefni til gangs og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.		Yndislestrarbækur, kjörbækur.	Kennaramat	Allt skólaárið

Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.	Ljóð / dægurlög Nemendur þekki mismunandi rím, ljóðstafi.	Kveikjur, ljóð af ýmsum gerðum, dægurlagatextar, kynningarefni um bragfræði.	Kannað hvort nemendur hafa tileinkað sér hugtökin og skilið þau.	Nóvember
Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum.	Margvísleg heimildaöflun í íslensku og öðrum námsgreinum.	Verkefni í íslensku og samþætting við aðrar námsgreinar. Heimabyggðarverkefni	Kannað hvort nemendur hafa farið rétt með heimildir	
<b>Ritun</b>				
Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.	Uppsetning og framsetning verkefna. Skráning heimilda. Ýmis verkefni þar sem styðjast þarf við heimildir.	Almenn verkefnavinna. Heimildaöflun og skráning. Samþætting við aðrar námsgreinar.	Metið: - hvort heimildir eru rétt skráðar skv. viðurkenndu kerfi.  _ uppsetning verkefna skv. fyrirmælum.	Heimabyggðarverkefni og fleiri verkefni.
Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar	Æfingar í ritun, skapandi skrif, kjörbókarritgerð, heimildaverkefni.	Margskonar ritun, bæði frá eigin brjósti og eftir fyrirmælum.  Kjörbókarverkefni. Heimildarverkefni.		

Beitt reglum um réttitun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu.				
Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.	Mismunandi textaform æft, frá smáskilaboðum til lengri skapandi ritunarverkefna.	Kveikjur, skapandi skrif, kjörbókarverkefni.	Einstök verkefni metin af kennara.	
<b>Málfræði</b>				
Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta		Málið í mark. Óbeygjanleg orð.	Kannanir – leiðsagnar mat.	September - febrúar
Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.	Unnið með málið á fjölbreytilegan hátt m.a. í gegnum formið Orð af orði.	Málið í mark. Kveikjur Orð af orði	Kannanir – leiðsagnar mat.	Mars - apríl
Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.	Farið í orðhluta og skoðað hvernig hægt er að vinna með málið ...	Málið í mark	Leiðsagnar mat.	